

Fjórðungssamband Vestfirðinga



Alþingi
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 140/140
komudagur 15.11.2011

Ísafirði 14. nóvember 2011

Efni: Umsögn um þingsályktunar um Græna Hagkerfið, Lögjafarþing 140, 7. mál.

Við er í tölvupóst frá nefndarsviði Alþingis, þann 21. október 2011 þar sem óskað er umsagna Fjórðungssambands Vestfirðinga um ofangreint mál.

Fjórðungssamband Vestfirðinga lýsir ánægju með þá vinnu sem nefnd um eflingu græna hagkerfisins hefur unnið og þá samstöðu sem virðist vera um málið að hálfu þingflokka.

Tillögur nefndarinnar falla á margan hátt að stefnumörkun sveitarfélaga og atvinnulífs á Vestfjörðum meðal annars má hér nefna:

- í stefnumörkun aðalskipulags sveitarfélaga á Vestfjörðum
- samþykkt sveitarfélaga á Vestfjörðum að hefja vinnu að umhverfisvottun, í framhaldi ályktunar 55. Fjórðungsþings Vestfirðinga árið 2010.
- stefnumörkun samtaka fyrirtækja á Vestfjörðum s.s. í langtímastefnu Ferðamálasamtaka Vestfjarða 2010 – 2014 og verkefnavali sjávarútvegsklasa Vaxtarsamnings Vestfjarða.

Almennt séð, falla því flestar tillögur þingsályktunar um grænt hagkerfi vel að framtíðarsýn Vestfjarða. Fjórðungssamband Vestfirðinga vill þó lýsa áhyggjum að í efni þingsályktunarinnar sé ekki fjallað á nægjanlegan hátt um jafnræði þegna landsins að gæðum græna hagkerfisins með tilliti til efnahags og búsetu þeirra. Lagt er til, að áður en lagt er af stað með jafnviðamikla breytingar, að gert verði mat á áhrif breytinga á núverandi hagkerfi og hins græna hagkerfis á velsæld og hagsæld þegna landsins. Komi í ljós að um verulegt misræmi verði að ræða, þá verði tillögum breytt eða gripið til aðgerða sem jafna slíkt misræmi. Haft verði að leiðarljósi að ná sameiginlega, jafnt markmiði um jafnræði og markmiði um sjálfbærni.

Því miður hefur ekki gefist nægur tími til nákvæmrar umfjöllunar um það sem hér að framan er sagt en hér verður tekin til nokkur atriði þessu til stuðnings.

Kostnaður og forgangsröðun tillagna

Fjórðungssamband Vestfirðinga lýsir áhyggjum af framkvæmd og kostnað við framkvæmd tillagna sem settar eru fram í þingsályktuninni. Telur sambandið óraunsað að setja fram að hefja megi framkvæmd meginhluta tillagna á einu og sama árinu. Fjórðungssambandið telur að áður en komi til samþykktar þingsályktunarinnar að skoða verði nánar forgangsröðun tillagnanna, með tilliti til markmiða m.a. um hraða innleiðingu græns hagkerfis, jafnræði, sjálfbærni kostnað og að lokum fjármögnunar verkefna. Reynslan sýnir af fjölda opinberra áætlana síðustu árin, að án forgangsröðunar og afmörkunar fjármagns þá verði öruggt hefjast handa við jafnt margar að þeim aðgerðum og hér eru settar eru fram.

Samráð og mat á fjárhagslegum áhrifum á sveitarfélög.

Fjórðungssamband Vestfirðinga leggur til að við afgreiðslu málsins frá Alþingi verði samhliða hafð mat á áhrifum af tillögum þingsályktunarinnar í samræmi við ákvæði XIII

Fjórðungssamband Vestfirðinga



kafla nýrra sveitarstjórnarlaga nr 138/2011. Þannig verði haft náið samráð um framkvæmd og mat á fjárhagsleg áhrif á starfsemi sveitarfélaga við framkvæmd tillagna þingsályktunarinnar. Mikilvægt er að þar verði tekið tilliti til mismunandi stærðar sveitarfélaga og gætt jafnræðis gagnvart íbúum alls landsins við ávinning og eða kostnað við framkvæmd tillagana. Til skýringar má nefna framkvæmd mála um frænnismál sveitarfélaga á liðnum áratug, þar sem stærri og efnahaglega betur stað sveitarfélög gátu nýtt sér stuðning stjórnvalda þegar hann bauðst en önnur ekki.

Aðgengi að vistvænni orkugjöfum, kolefnisgjaldtaka og heildarorkunotkun.

Visað til 42. tillögu. *Gildandi heimild til endurgreiðslu vörugjalda til þeirra sem láta breyta bílum í vistvæn ökutæki verði framlengd, þannig að heimilt verði að endurgreiða vörugjöld vegna breytinga á fleiri ökutækjum en 1.000.*

Vakin er athygli á að aðgengi að vistvænni orkugjöfum á nær eingöngu við höfuðborgarsvæði s.s. metan og óljóst er hvort og þá hvenær slíkir möguleikar bjóðast öðrum landshlutum. Tryggja verður að endurgreiðsla vörugjalda verði til reiðu þegar aðgengi annarra landshluta batnar í þessu tilviki og eða hraðað uppbyggingu dreifikerfis vistvænni orkugjafa.

Visað til 43. tillögu. *Kolefnisgjald á eldsneyti verði hækkað um þriðjung og tekjum af hækkininni ráðstafað til verkefna sem stuðla að orkuskiptum í samgöngum.*

Samkvæmt skýringum með tillögunni má ætla að tekjur af hækkun kolefnisgjalds verði varið til að hraða orkuskiptum í samgöngum og bent á vandamál með lítt þróaða innviði við dreifingu vistvænna orkugjafa s.s. að aðgengi að vistvænni orkugjöfum á í dag nær eingöngu við höfuðborgarsvæðið. Setja verður þá kröfu að gætt verði jafnræðis í aðgengi að vistvænum orkugjöfum og því verði í forgang að tekjur af hækkun kolefnisgjalds renni til uppbygginga innviða (dreifikerfis).

Visað til tillögu 44. *Endurnýjanleg orka til samgangna verði ekki skattlögð fyrr en hlutdeild hennar er orðin 20% af heildarorkunotkun í samgöngum.*

Fjórðungssamband Vestfirðinga vill benda á það ójafnræði sem þessi tillaga hefur gagnvart þegnum landsins. Í fyrst lagi skal vakin er athygli á að aðgengi að vistvænni orkugjöfum á í dag nær eingöngu við höfuðborgarsvæðið. Að óbreyttu mun því um óskilgreint tímabil verða verulegt ójafnræði í skattlagningu á þegna landsins tengdri búsetu, vegna mismunun í aðgengi að endurnýjanlegri orku. Mismundi efnahaglegar aðstæður skapa einnig ójafnræði þegna landsins að geta nýtt sér þennan skattaafslátt. Lagt er til að gerð verði athugun á þessum þáttum áður en tillaga að þessu tagi er samþykkt. Óásættanlegt er að stjórnvöld standi að mismunum þegna með tilliti til efnahags og búsetu. Hugsanleg lausn getur falist með því að ánefna framlag til hvers ökutækis eða eigenda ökutækis sem hann fær sem afslátt með kaupum á vistvænu ökutæki og úreldingu óvistvæns ökutækis.

Í annan stað verður að skýra hvaðan fjármagn eigi að koma, til að mæta væntum samdrætti fjármagns til framkvæmda, viðhalds og þjónustu við vegakerfið. Benda verður á að verulega hefur verið dregið úr framlögum til samgöngumála frá árinu 2009. Þar sem Ísland er án annarra valkosta í landsamgöngum en vegakerfi, þá er það skaði við hagkerfið, hvort sem það er grænt eða hefðbundið að draga hér úr framlögum.

Fjórðungssamband Vestfirðinga



Vísað til tillögu 46. Samkomulag verði gert við samtök opinberra starfsmanna um að innleiða samgöngustyrki fyrir annan ferðamáta en akstur í samningum ríkisstarfsmanna og ríkisstofnana. Þá verði fyrirtækjum sem setja sér og fara eftir grænni samgöngustefnu umbunað með skattalegum hvata. Í þeim efnum verði horft til sambærilegra aðgerða sem gefið hafa góða raun í öðrum löndum.

Tillagan ein og sér er áhugaverð og gefur möguleika fyrir ríkið að hafa bein áhrif á vali á samgöngumáta. Fjórðungssamband Vestfirðinga vill leiða þessa tillögu til umfjöllunar um hvernig stjórnvaldsákvæðanir um skipulag stjórnsýslunnar og opinberrar þjónustu hafa leitt til aukinna umferðar fólks. Aukin miðsækni við endurskipulagning stjórnsýslunnar hefur lagt og mun að óbreyttu leggja aukin ferðalög á starfsmenn stofnana í dreifbýlli héruðum og samtímis á íbúa þessara svæða. Lagt er til að tekið verði til skoðunar hvort stefna stjórnvalda með aukinni miðsækni gangi gegn markmiðum um græna hagkerfið.

Stofnun auðlindasjóðs og ráðstöfun auðlindagjalds.

Tillaga númer 40 segir; “Komi til stofnunar Auðlindasjóðs verði tekjum af auðlindagjaldi m.a. varið til umhverfsvænnar atvinnusköpunar og eflingar græns hagkerfis”

Á 56. Fjórðungspingi Vestfirðinga sem haldið var í september s.l. samþykkti þingið svohljóðandi ályktun:”

56. fjórðungsping Vestfirðinga haldið í Bolungarvík 2.-3. september 2011 skorar á Alþingi að tryggja að það auðlindagjald sem nú er innheimt af vestfirskum aflaheimildum og öll aukning þess renni til uppbyggingar atvinnulífs á Vestfirðum. Auðlindagjaldið renni til rannsókna, nýsköpunar og í fjárfestingarsjóð fyrir vestfirskar byggðir.

Það er brýnt mál fyrir fjórðunginn að komi til þessa auðlindagjalds sem tekið verður af aflaheimildum á svæðinu að þær upphæðir skili sér aftur til Vestfirðna, svæðið má einfaldlega ekki við þeirri skerðingu sem auðlindagjaldið felur í sér og nauðsynlegt fyrir Vestfirðir að gjaldið renni til baka til fjórðungsins.

Hér er tekið undir markmið um innheimtu auðlindagjalds en samtímis er sett fram krafa að þar sem svæðisbundin áhrif auðlindagjalds eru meiri en ákveðin viðmið, að allur hluti auðlindagjalds eða hluti til eflingar viðkomandi svæða. Hér skal ekki síst horft til þeirra svæða sem verra standa og efla þau þannig þau geti rekið sig með sjálfbærum hætti með tilliti til umhverfis, efnahags og samfélaga, slíkt ætti að falla vel að markmiðum hins græna hagkerfis.

Virðingafyllst

Fjórðungssamband Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdarstjóri